

## M-35/2009 Álit 7. júlí 2009

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júlí 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-35/2009:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. maí sl. bað félagið X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa félagsins, 25. maí 2007, á skrófu í bát hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir skrófuna gallaða og gerir kröfu til þess að viðurkennd sé ábyrgð seljanda með þeim hætti að hann leggi sér til nýja skrófu í bátinn.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 18. maí sl., og óskaði eftir því að andsvör bærust fyrir 29. maí. Seljandi fékk síðar þann frest framlengdan til 9. júní en andsvörin bárust ekki fyrr en 22. júní. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 30. júní. Andsvörin bárust þann dag. Með bréfi, dags. 1. júlí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Kæruneftndin óskaði eftir því við forsvarsmann álitsbeiðanda (hér eftir nefndur álitsbeiðandi) að hann sendi henni reikning um kaup á skrófunni. Reikningurinn er dags. 25. maí 2007 og er texti hans „skrófuset A2 200 hestöfl AL“ fyrir kr. 87.088 með virðisaukaskatti. Á reikningnum kemur ekkert fram um hver ábyrgð sé á skrófunni.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bátsskrófuna 25. maí 2007, eins og fram kemur á reikningnum, en galli á henni hafi komið í ljós 27. mars 2009. Gallann segir hann þekktan í skrófum af þessari gerð en gúmmífóðring rifni og þá hætti skrófublöðin að snúast. Þetta sé engan veginn ásættanleg ending. Reynslan af þessum skrófum hér við land sé sú að verði þær ekki fyrir utanaðkomandi tjóni endist þær árum saman. Á skrófunni sé engin merki að sjá um það að hún hafi orðið fyrir tjóni á nokkurn hátt. Skrófan sé nú til skoðunar hjá seljanda. Ástæða þess að hve seint sé kvartað til kæruneftndarinnar sé sú að Y. hafi dregið að svara því ákveðið hvort þeir bæti úr gallanum eða ekki og beri fyrir sig að ekki sé endilega um galla að ræða. Fyrirtækið viðurkenni ekki að bera ábyrgð á söluhlutnum í 2 ár þar sem kaupandi sé lögaðili.

#### IV

##### Skoðun vegna gallans

Formaður kæruneftndarinnar fór til Y til þess að skoða skrófuna 25. júní sl. Vandkvæði voru á að finna hana. Þess í stað sýndi starfsmaður formanninum ónotaða skrófu sömu tegundar, lýsti því í hverju bilun á skrófu álitsbeiðanda fælist, en hann kannaðist við bilunina og sagði að við hana væri ekki hægt að gera. Hringlaga gúmmíkjarni er í miðju skrófunnar, en hún er úr málmi, og gúmmíkjarninn festur við

málminn með einhvers konar suðu. Í þessum kjarna er síðan rífflaður málmhólkur sem gengur upp á öxul bátsvélarinnar. Er gúmmíkjarnanum ætlað að verka sem nokkurs konar dempari á milli skrúfunnar og öxulsins og þar með vélarinnar sjálfrar. Gúmmíkjarninn losnaði og snýst inni í skrúfunni en skrúfan stendur kyrr.

## V

### Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda, sem lögmaður ritar, er tekin afstaða til krafna og rökstuðnings álitsbeiðanda. Segir þar um eftirfarandi:

*„1. Að viðurkennd verði tveggja ára ábyrgð á skrúfum.*

Y viðurkennir að kaupandi hafi tveggja ára tilkynningarfrest í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Aftur á móti er því hafnað að tilkynningarfresturinn leiði til þess að tveggja ára ábyrgð gildi um allt það sem upp kann að koma að því er varðar hið selda. Y bætir ávallt úr göllum sé sýnt fram á að söluhlutur hafi verið gallaður við afhendingu eða ef Y hefur ábyrgst ákveðna endingu söluhlutar. Í þessu tilviki ábyrgðist Y ekki sérstaklega endingu hins selda og enn síður óskilgreinda tveggja ára ábyrgð

*2. Að „það teljist ekki eðlileg ending á þeim [skrúfum]að gefa sig eftir 22 mánuði í notkun [sic]“.*

Y hafnar einnig þeirri kröfu álitsbeiðanda að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa leggi mat á það hvað telst eðlileg ending á skrúfusetti sem álitsbeiðandi keypti af Y enda er nefndin ekki í nokkurri aðstöðu til þess. Endingartími er háður mjög mörgum þáttum og ómögulegt fyrir nefndina að taka afstöðu til þessa enda hefur engum haldbærum rökum eða gögnum verið teflt fram sem nefndin getur byggt á.

*3. Að skrúfan verði bætt með afhendingu nýrrar.*

Y hafnar því að skrúfurnar (sic) sem álitsbeiðandi keypti af Y þann 25. maí 2007 hafi verið gallaðar. Annars vegar eru skrúfur, eins og sú sem hér er krafist að verði bætt, þess eðlis að þær slitna við notkun og margir óvissuþættir og orsakir sem geta valdið auknu slitu. Hins vegar leiddi skoðun sérfræðinga á verkstæði Y í ljós að gúmmíkjarni í miðju skrúfu hefði losnað. Það hefði mátt rekja til rangrar notkunar eða meðhöndlunar sökum þess að kjarninn losnar ekki við hefðbundna notkun. Á grundvelli þessarar niðurstöðu sérfræðinga á verkstæði Y var talið að ekki væri um galla að ræða. Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram nein gögn eða upplýsingar sem benda til þess að um galla hafi verið að ræða en telja verður að sönnunarbyrðin um að svo hafi verið hvíli á honum. Samkvæmt framangreindu er málatilbúnaði álitsbeiðanda alfarið hafnað.“

## VI

### Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir, vegna þess sem kemur fram í andsvörum seljanda, að sér hafi ekki verið kunnugt um að seljandi væri með sérfræðing í bátsskrúfum á sínum vegum. Hann hafi sýnt skrúfuna þeim starfsmanni seljanda sem sé verk- og tæknistjóri skrúfunnar og vélvirki. Að hans mati hafi ekki verið að sjá að nokkuð hefði komið fyrir skrúfuna. Þessi starfsmaður hafi metið það svo að um galla væri að ræða sem óheppilegt væri að komið hefði upp eftir að skrúfan hefði fallið úr ábyrgð.

Álitsbeiðandi mótmælir þeim fullyrðingum lögmanns seljanda að skýra megi skamman líftíma skrúfunnar með rangri notkun hennar eða meðhöndlun. Skrúfan hafi

verið ætluð fyrir vél eins og sé í bát sínum, 200 ha, eins og komi fram á reikningi og hafi hún verið fest á réttan hátt.

Álitsbeiðandi segir að skrófan hafi gefið sig eftir 20-25 sjóferðir á bátnum og megi staðfesta það m.a. með því sem skráð sé í dagbók bátsins. Sá ferðafjöldi jafngildi 6-8 vikna notkun á bát sem sé í fullum rekstri. Álitsbeiðandi segir að í mörgum tilvikum endist skrófur líftíma vélbúnaðar í bátum og jafnvel líftíma báta.

Þá segir álitsbeiðandi orðrétt í athugasemdum sínum:

„Að lokum. Þegar rætt er um eðlilega endingu á skrófum þá bendi ég á að þegar skrófan gaf sig náði ég í A3 skrófu þá sem var undir bátnum fyrir 6 árum þegar ég keypti hann, ég veit til þess að a.m.k. 4 sinnum hafi grásleppunet flækst í þeirri skrófu. Ég hef notað þessa tegund búnaðar síðan 1998 og á þeim tíma hefur gúmmihulsan aldrei gefið sig. Árið 2002 var ég með svokallaðar C2 skrófur sem eru úr ryðfríu stáli. Í ágúst það ár rak ég þær í rekaviðardrumb án þess að gúmmíið rifnaði (báturinn var á 8 hnúta ferð og vélin á 2500 rpm). Í september sama ár fékk ég í skrófuna netadræsu úr rækjutrolli. Þá var báturinn á 19 hnúta hraða og vélin á 3200 rpm. Við það mölbrotnaði drif bátsins en skrófurnar voru enn óskemmdar og voru í notkun a.m.k. árið 2003 og 2004. Í apríl eða maí árið 2003 hafði ég sett undir bátinn minn skrófur með meiri spyrnu A4 skrófur. Eftir fáeinar sjóferðir rak ég bátinn niður og stórskemmdi skrófurnar. Það brotnuðu af þeim ytri helmingur allra skrófublaða en engu að síður hélt gúmmihulsan og ég gat siglt í land á lítilli ferð. Síða ég fékk þessa skrófu hef ég aldrei flækt grásleppunet í þeim.“

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. laganna, en aðilar eru tvö einkahlutafélög.

Í IV. kafla laga nr. 50/2000 er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Í 1. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur skuli hvað varði tegund, magn, gæði aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Þá segir m.a. í 2. mgr. 17. gr:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.“

Í 3. mgr. laganna segir að söluhlutur sé gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 1. og 2. mgr. sem að hluta til er lýst hér að framan.

Kærunefndin verður að byggja á þeirri lýsingu sem gefin er í álitsbeiðni á núverandi ástandi skrófunnar. Seljandi hefur út af fyrir sig ekki mótmælt henni, þvert á móti hefur starfsmaður seljanda lýst því fyrir formanni nefndarinnar að gúmmíkjarninn hafi losnað og við þá bilun sé ekki hægt að gera. Álitsbeiðandi lýsti því í athugasemdum sínum að skrófan hafi gefið sig eftir 20-25 sjóferðir eins og sjá megi í dagbók bátsins. Taka ber fram að þar sem þessar upplýsingar álitsbeiðanda komu fram í athugasemdum hans við andsvör seljanda fékk seljandi ekki tækifæri til að andmæla þeim. Þá segir

álitsbeiðandi engin merki sjást á skrófunni um að eitthvað sérstakt hafi komið fyrir hana og því er heldur ekki haldið fram af seljanda að merki um slíkt sé að finna á skrófunni, enda þótt í andsvörum hans segi að rekja megi bilunina til rangrar notkunar.

Kærunefndin telur að við kaupin á skrófunni hafi álitsbeiðandi mátt gera ráð fyrir að skrófan entist mun lengur en raun varð á enda myndi ólíklega hafa orðið af kaupunum hefði seljandi sagt álitsbeiðanda að hann mætti búast við því skrófan entist ekki lengur en í tæp tvö ár. Þá telur kærunefndin að ekkert sé leitt í ljós um það að bilunin stafi af rangri notkun eða óhappatilviki. Seljandi, sem hefur skrófuna undir höndum, hefur ekki bent á nein ummerki á henni sem stutt gætu fullyrðingar hans um það að bilunina megi rekja til slíks.

Eins og atvikum málsins er háttað telur kærunefndin með vísan til þess sem að framan er sagt að byggja verði á því að skrófan hafi verið og sé haldin galla í skilningi þeirra ákvæða 17. gr. laga nr. 50/2000 sem fyrr hafa verið rakin.

Í 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 segir eftirfarandi:

- Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin.
- Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Álitsbeiðandi segir gallann hafa komið í ljós 27. mars 2009 en skrófuna keypti hann 25. maí 2007 og verður að miða við að þá hafi hann veitt henni viðtöku. Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við seljanda í byrjun apríl og hefur því ekki verið mótmælt af seljanda. Kærunefndinni barst álitsbeiðni þessi 15. maí sl. og í álitsbeiðni segir að skrófan sé nú á verkstæði seljanda þannig að á því má byggja að álitsbeiðandi hafi kvartað án ástæðulauss dráttar og áður en 2 ár voru liðin frá kaupdegi, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000, og hafi kvörtunin því verið gerð í samræmi við framangreind lagaákvæði.

Í 3. gr. laga nr. 50/2000 segir að ákvæði laganna eigi ekki við þegar annað leiði af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju, eða annarri venju sem telja verði bindandi millum aðila. Í álitsbeiðni kemur fram að Y beri það fyrir sig gagnvart álitsbeiðanda að seljandi beri ekki 2 ára ábyrgð á skrófunni þar sem ábyrgðin sé aðeins til eins árs.

Það er álit kærunefndarinnar að til þess að seljandi geti undanskilið sig þeirri ábyrgð á endingu söluhlutar sem á hann er lögð samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 þurfi hann að gera það í samræmi við venju eða með þeim hætti, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 50/2000, að kaupanda sé ljóst að ábyrgðartíminn sé annar en leiði megi af lögum nr. 50/2000 og geti þá ákveðið með það í huga hvort hann ræðst í kaup eða ekki. Ekkert sérstakt kemur fram um ábyrgð á skrófunni í reikningi þeim sem álitsbeiðandi fékk fyrir kaupunum og seljandi hefur ekki sýnt fram á að samið hafi verið eða venja sé til um sérstakan ábyrgðartíma. Það er því álit kærunefndarinnar að Y beri samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 ábyrgð á þeim galla sem á skrófunni er.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 um galla segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. ...“

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi láti sér í té nýja skrófu, þ.e. hann krefst nýrrar afhendingar. Skilyrði þess er að gallinn á skrófunni teljist verulegur, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000. Það er álit kærunefndarinnar að framangreindur galli á skrófunni sé verulegur enda er hún ónothæf og ekki hægt að gera við hana. Ber því Y að leggja álitsbeiðanda til nýja skrófu af sömu gerð og hann keypti 25. maí 2007 nema aðilar nái samkomulagi um aðrar úrbætur seljanda.

### **VIII** **Álitsorð**

Y leggi álitsbeiðanda, X, til nýja skrófu af sömu gerð og hann keypti hjá fyrirtækinu 25. maí 2007.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir